

Febrúar 2023



Samstarf utanríkisráðuneytisins við landsnefndir UN Women, UNICEF og Félag Sameinuðu Þjóðanna á Íslandi

Innri rýni á samstarfsfyrirkomulagi

Alþjóðleg þróunarsamvinna Íslands



Útgefandi:

Utanríkisráðuneytið, innri málefni

Febrúar 2023

uttektir@utn.is

<https://www.stjornarradid.is/verkefni/utanrikismal/throunarsamvinna/uttektir/>

Myndir:

Myndir eru birtar með leyfi landsnefndar UN Women á Íslandi og landsnefndar UNICEF á Íslandi.

Forsíðumynd:

FO herferð þar sem seldir voru FO vetlingar til styrktar hinsegin sjóði UN Women.

Fáni Íslands ásamt fánum annarra ríkja fyrir utan aðalstöðvar SP í New York.

Afhending á bol til utanríkisráðherra sem hannaður var í samstarfi við 66° Norður til styrktar verkefnum UN Women í Úkraínu.

Stefnumótunarvinna stjórnar og starfsfólks landsnefndar UNICEF á Íslandi 2021.

Undirbúningur undir gerð fræðslumyndbands UNICEF um réttindi barna í tilefni af alþjóðadegi barna 2022.

Nemendur Fjölbrautaskóla Suðurlands þegar skólinn varð UNESCO skóli 2022.

Höfundur:

Erla Hlín Hjálmarsdóttir, skrifstofa innri málefna

©2023 utanríkisráðuneytið

Efnisyfirlit

Samantekt og tillögur.....	1
Tillögur.....	2
1. Inngangur	6
1.1 Landsnefnd UN Women á Íslandi.....	6
1.2 Landsnefnd UNICEF á Íslandi.....	7
1.3 Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi.....	8
2. Aðferðir	11
3. Mat.....	13
3.1 Gildi	13
3.2 Samhæfing.....	15
3.2.1 Samfella og samlegð í starfi	15
3.3 Hagkvæmni.....	17
3.3.1 Rekstrarlegt umfang og kostnaður UTN	18
3.3.2 Samstarfsfyrirkomulag.....	25
3.4 Skilvirkni.....	26
3.5 Sjálfbærni.....	27
Viðauki I: viðmælendur	29
Viðauki II: styrkauglýsing.....	30

Myndir

Mynd 1 Ritgerðarsamkeppni Félags SP í tilefni 25 ára afmælis SP.....	9
Mynd 2 Ljósaganga landsnefndar UN Women 2022 með þátttöku utanríkisráðherra.....	14
Mynd 3 Neyðarsöfnun UN Women fyrir konur og stúlkur á flóttu 2022.....	16
Mynd 4 Stuðningur UTN 2010–2020.....	18
Mynd 5 Styrkveitingar 2021.....	19
Mynd 6 Styrkveitingar 2022.....	22
Mynd 7 Fræðsla til undirbúnings söfnunarátaks UNICEF í sjónvarpi 2022.....	23
Mynd 8 Undirbúningur fyrir gerð fræðslumyndbands UNICEF í tilefni af alþjóðadegi barna 2022.	23
Mynd 9 Mynd frá ljósmyndasýningu Félags SP.....	24
Mynd 10 Þekking íslensks almennings á SP.....	27

Samantekt og tillögur

Innri rýni var framkvæmd á fyrirkomulagi samstarfs utanríkisráðuneytisins (UTN) við landsnefndir Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) og Stofnun SP um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna (UN Women), sem og samstarf við Félag Sameinuðu þjóðanna (Sp) á Íslandi.

Í rýninni var lagt mat á fyrirkomulag og umgjörð samstarfs milli UTN og aðilanna þriggja á sviði alþjóðlegrar þróunarsamvinnu. Umgjörð samstarfs hefur tekið breytingum á undanförnum árum þar sem horfið hefur verið frá ramma-samningum við landsnefndirnar tvær. Rammamningi við Félag SP var haldið áfram og veittur var styrkur fyrir rekstur Miðstöðvar SP fram til ársins 2021, auk þess sem aðilarnir þrír gátu sótt um styrki til kynningar- og fræðslustarfs úr samkeppnissjóði ráðuneytisins.

Gildi samstarfsins hefur sannað sig á undanförnum árum, ekki síst þegar litið er til þeirra tveggja meginþátta sem eru virðisaukandi fyrir alþjóðlega þróunarsamvinnu sem málaflokk, sem utanríkisráðuneytið er ábyrgt fyrir. Annars vegar er vitundarvakning, fræðsla og kynning meðal almennings um þróunarsamvinnu og stöðu fólks í þróunarríkjum. Hins vegar er það að virkja íslenskan almenning til að leggja sitt af mörkum til að bæta stöðu fólks í þróunarlöndum, en landsnefndirnar tvær safna umtalsverðum upphæðum frá almenningi á ári hverju sem renna til þróunarsamvinnustarfs viðkomandi stofnana SP. Hvað þetta varðar má segja að árangur landsnefndanna hefur verið ótvíræður á undanförnum árum en þær eru hvor um sig „heimsmeistarar“ landsnefnda og önnur ríki telja þær sýna gott fordæmi. Þá ber að líta til þess að allir þrír aðilarnir hafa verið samstarfsaðilar utanríkisráðuneytisins lengi og samstarfið hefur verið farsælt.

Samstarf Íslands við stofnanir SP á sviði alþjóðlegrar þróunarsamvinnu hefur fengið aukið vægi á undanförnum árum, m.a. þar sem kjarnaframlög hafa verið hækkuð til UNICEF og UN Women sem í stefnu Íslands eru skilgreindar sem áherslustofnanir í fjölþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands.¹ Aukið umfang þróunarsamvinnu kallar einnig á virka þátttöku og málefnastarf af Íslands hálfu, og mikilvægt að virkja hæfa samstarfsaðila innanlands til að styðja við þá viðleitni ráðuneytisins.

Meginniðurstöður eru á þann veg að áhugi á samstarfi er mikill af hálfu allra samningsaðila og gildið þess er verulegt. Hagkvæmni og skilvirkni við umsýslu

¹ Aðrar áherslustofnanir Íslands í fjölþjóðlegri þróunarsamvinnu eru Alþjóðabankinn og Mannfjöldasjóður SP (UNFPA). Auk þess er Ísland í samstarfi við fjölmargar aðrar stofnanir SP, s.s. Samhæfingarskrifstofu aðgerða SP í mannúðarmálum (OCHA), Matvælaáætlun SP (WFP), Matvæla- og landbúnaðarstofnun SP (FAO), og Mennta-, vísinda- og menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO), svo nokkur dæmi séu nefnd.

² E. relevance, sem felur í sér að lagt er mat á hvort verkefni séu skilgreind og framkvæmd í samræmi við settan ramma samkvæmt stefnu og þörfum Íslands á sviði alþjóðlegrar þróunarsamvinnu og hvort fyrirkomulagið sé í takt við stefnu og þörf viðtakenda.

hefur þó verið ábótavant á síðustu árum enda hefur gætt nokkurrar óánægju með fyrirkomulag og umgjörð samstarfsins og á það við um alla aðila. Umsýsla hefur aukist og hefur fyrirsjáanleiki jafnframt minnkað. Ráðuneytinu hefur verið umhugað um að gæta jafnræðis, sem var ein meginforsenda breytinga á fyrirkomulagi frá fyrri rammasamningum. Hins vegar ber á það að líta að þessir þrír aðilar hafa ákveðna sérstöðu þegar kemur að framkvæmd verkefna, sem eru vissulega alþjóðlegs eðlis en eru að mestu leyti framkvæmd innanlands.³ Jafnframt eru forsendur stuðnings vegna sameiginlegs húsnæðis, þ.e. Miðstöðvar Sameinuðu þjóðanna á Íslandi, brostnar þar sem aðilarnir hafa fallið frá núverandi fyrirkomulagi um að reka sína starfsemi í sama húsnæði.

Til að hámarka þann ábata sem hlýst af samstarfinu er mikilvægt að samningsaðilar verði ásáttir um markmiðin með samstarfinu og þær leiðir sem hægt er að nýta fyrir slíkt samstarf. Miklir möguleikar eru til staðar og mikilvægt að UTN haldi möguleikum opnum til að þróa nýjar samstarfsleiðir á komandi árum sem eru öllum aðilum til hagsbóta.

Tillögur

1. UTN skoði þann möguleika að taka aftur upp rammasamninga við landsnefndirnar og Félag Sp

Ef annars vegar er litið til þess árangurs sem landsnefndirnar og Félag Sp hafa náð í sínu starfi á undanförunum árum og hins vegar til þess að samstarf UTN við aðilana þrjá hefur verið langvarandi og farsælt, er ljóst að rammasamningar til lengri tíma en eins árs eru heppilegri kostur en styrkumsóknir. Slíkt fyrirkomulag gefur aðilunum aukinn fyrirsjáanleika og rými til að ráðstafa fjármunum eins og best þykir hverju sinni til að styðja við starfið. Auk þess minnkar umsýsla, bæði af hálfu ráðuneytisins og aðilanna þriggja, og er því hagkvæmari kostur.⁴ Sameiginleg markmiðasetning innan rammasamninga myndi bæta faglega umgjörð fyrir samstarfið og auðvelda árangursmat.

³ Í þessu samhengi má nefna að meginverkefni þeirra frjálsu félagasamtaka sem UTN á í samstarfi við snúa að framkvæmd þróunarsamvinnuverkefna í þróunarríkjum.

⁴ Líkt og fram kemur í umræðu þarf jafnframt að endurskoða tengda ferla til að einfalda umsýslu og þar með auka hagkvæmni.

2. UTN geti sem fyrr sótt stuðning til aðilanna þriggja fyrir sérverkefni

Í eldri rammasamningum voru ákvæði um að UTN gæti sótt stuðning til aðilanna í tilteknum verkefnum ráðuneytisins.⁵ Ekkert er því til fyrirstöðu að samningsaðilar tilgreini slíkan stuðning, sem þarf þá að vera raunhæfur hvað varðar umfang og eðli verkefna. Með viðbótum við rammasamninga væri einnig hægt að fjármagna sérstaklega smærri og stærri samstarfsverkefni, líkt og fordæmi eru fyrir.

3. UTN viðhafi samráð við önnur ráðuneyti sem eiga í samstarfi við aðilana þrjá við útfærslu samstarfs

Landsnefndirnar vinna með öðrum aðilum innan íslenska stjórnarráðsins, t.d. hefur Félag SP umsýslu með skólum UNESCO á Íslandi og landsnefnd UNICEF sinnir verkefnum sem varða barnvæn sveitarfélög og réttindaskóla UNICEF. Þá hefur forsætisráðuneytið skv. fosetaúrskurði með höndum jafnréttismál sem málaflokk⁶ og mikilvægt að tryggja samhæfingu á milli ólíkra aðila sem vinna með landsnefndum og Félagi SP á Íslandi.

4. UTN leiti leiða til að tryggja samhæfingu í því starfi ráðuneytisins sem hefur snertiflöt við verkefni aðilanna þriggja

Eðlilegt er að helsti tengiliður og umsýsluaðili með samstarfi af hálfu UTN sé á sviði fjölþjóðlegrar þróunarsamvinnu sem hefur með höndum samvinnu við stofnanir SP þar sem samlegð með starfi er augljós. Þar má nefna sameiginlega viðburði á vettvangi viðkomandi alþjóðastofnana, stuðning við þátttöku íslenskra aðila í alþjóðlegum viðburðum og ungliðaáætlun SP, álitssgerðir um tengd málafni og málstofur auk innanlandsstarfs landsnefnda og Félags SP sem rímar vel við stefnuáherslur Íslands í fjölþjóðlegri samvinnu. Samhæfing innan UTN er einnig mikilvæg þ.m.t. milli þróunarsamvinnuskrifstofu og skrifstofu alþjóðapólitískra málefna, sem m.a. fer með mannúðar- og neyðaraðstoð, og upplýsingadeild sem er ábyrg fyrir kynningarmálum þróunarsamvinnu. Þá mætti líta til annars þróunarsamvinnustarfs UTN m.t.t. samlegðar, s.s. við samstarf við íslensk frjáls félagasamtök, fyrirtæki og háskólasamfélagið,⁷ þjálfunarprógramm GRÓ, auk mannúðarstuðnings og tvíhliða þróunarsamvinnu Íslands. Samstarf sem byggist á gagnkvæmu trausti, virku samtali og samráði gefur margvíslega möguleika til samstarfs á komandi árum.

⁵ Sem dæmi má nefna fræðslu um málafni barna fyrir sérfræðinga sem fara til starfa á vettvangi á vegum utanríkisráðuneytisins og kynningar fyrir starfsfólk um stöðu og framvindu málefna barna og stöðu mála á alþjóðavettvangi (UNICEF), og stuðningur við framkvæmd áætlunar íslenskra stjórnvalda um framkvæmd ályktunar Öryggisráðs SP nr. 1325 um konur, frið og öryggi vegna undirbúnings árlegra funda kvennanefndar SP (CSW) og málefnavinnu í tengslum við UN Women. Nýlegur stuðningur Félags SP við þátttöku Íslands og starf UTN hvað varðar ungliðaáætlun SP (JPO) er annað dæmi.

⁶ Sjá: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2022006.html>

⁷ Svo sem með módeli SP (e. Model UN) þar sem nemendur setja sig í spor fulltrúa ríkja til að semja um raunverulegar áskoranir sem koma til úrlausnar á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

5. Tryggt sé að fjármunir séu nýttir í þróunarsamvinnutengd verkefni og að UTN geti sinnt eftirlitsskyldu sinni

Með rammamningum er nauðsynlegt að gera ráðstafanir til að tryggja að fjármunir séu eingöngu nýttir í þróunarsamvinnu og að skilið sé á milli innanlands- og alþjóðasamstarfs í starfi og meðferð fjármuna. Jafnframt sé að fullu tryggt að UTN geti sinnt eftirlitsskyldu sinni með virkum hætti. Fast ákvæði í rammamningum segir fyrir um úttekt á árangri starfsins við lok gildistíma.⁸

6. UTN skoði ólíkar útfærslur á stuðningi í náinni framtíð

Útfæra má stuðning af hálfu ráðuneytisins á ýmsa vegu og hann þarf, til framtíðar litið, ekki að einskorðast við árleg fjárframlög. Sem dæmi má nefna stuðning við vinnuskipti eða starfsnám sjálfbæðaliða, sem getur virkað sem hvati til aukinnar þátttöku íslenskra ungmenna í starfinu og er tækifæri til að veita innsýn í starf stofnana SP erlendis. Þá er áhugi erlendis, hjá öðrum landsnefndum, á að læra af starfi íslensku nefndanna sem hafa náð afburða góðum árangri. Með stuðningi er möguleiki fyrir nefndirnar að auka þróunaráhrif af sínu starfi með því að deila með markvissum hætti starfsaðferðum sínum, en geta til að sinna slíkum verkefnum er lítil eins og er. Þá er áhugi af hálfu UN Women til að kanna forsendur fyrir sameiginlegum stuðningi við íslensku landsnefndina og er UTN hvatt til að fylgja því eftir.

7. UTN birti grunnupplýsingar á heimasíðu sinni um samstarf við landsnefndir UNICEF og UN Women og Félag SP

UTN ber skylda til að veita upplýsingar um sitt starf, ekki síst formlegt samstarf til lengri tíma. Slíkt er þáttur í að auka sýnileika samstarfsaðila en einnig er mikilvægt að upplýsa almenning um hvernig samstarfi er háttað til að tryggja gagnsæi varðandi það hvernig íslensku þróunarsamvinnufé er ráðstafað.

8. UTN vandi stjórnsýslu við umsýslu styrkja og leitist við að hámarka skilvirkni í starfi

Eftirfarandi ábendingum varðandi innra fyrirkomulag og umsýslu styrkja er beint til utanríkisráðuneytisins:

8.1 Þróunarsamvinnufjármagn sem ætlað er til samstarfs við stofnanir SP sé nýtt fyrir stuðning við landsnefndirnar tvær og Félag SP.

Æskilegt er að markmið með starfi tengist með skýrum hætti fjármögnun. Þannig er heppilegt að fjármunir sem nýttir eru til stuðnings landsnefnda og Félags SP komi af lið fjölþjóðlegrar þróunarsamvinnu, en ekki úr potti sem ætlaður er frjálsum félagasamtökum sem sinna verkefnum á vettvangi, enda er markmið með starfinu ólíkt.

⁸ Einnig í samræmi við reglugerð nr. 643/2018 um undirbúning, gerð og eftirfylgni samninga um framkvæmdir, rekstur og afmörkuð verkefni.

8.2 Rammasamningar við frjáls félagasamtök taki einnig til fræðslu- og kynningarstarfs á þeirra vegum

Rammasamningar við stærstu félagasamtökin eru umfangsmiklir⁹ og ættu að ná til alls samstarfs UTN við viðkomandi félög, þ.m.t. til kynningar- og fræðslustarfs á þeirra vegum. Útfærslur á slíku samstarfi falli undir umsýslu og reglulegt samráð vegna ramma-samninga.

8.3 Sérstakur pottur verði áfram í úthlutunum styrkja til frjálsra félagasamtaka

Ekkert er því til fyrirstöðu að hafa sérstakan pott vegna kynningar- og fræðslustyrkja í úthlutunum styrkja til þeirra frjálsu félagasamtaka sem ekki hafa ramma-samning við ráðuneytið. Ef UTN kys að hafa áfram tímasett köll,¹⁰ er ráðuneytið hvatt til sýna þann sveigjanleika að veita tvær úthlutanir á ári hið minnsta. Slíkt svarar betur þörfum frjálsu félagasamtakanna og gefur þeim betur kost á að nýta þau tækifæri sem upp koma með styttri fyrirvara.

⁹ Alls voru veittar 550 m.kr. í gegnum ramma-samninga á árinu 2022 til fernra frjálsra félagasamtaka, þar af voru 240 m.kr. til mannúðarverkefna og 310 m.kr. til þróunarsamvinnuverkefna.

¹⁰ Annar kostur er að hafa opið fyrir úthlutanir í lengri eða styttri tíma, þar sem fjallað er um umsóknir þegar þær berast ráðuneytinu.

1. Inngangur

Utanríkisráðuneytið (UTN), [Landsnefnd UN Women á Íslandi](#), [Landsnefnd UNICEF á Íslandi](#), og [Félag Sameinuðu þjóðanna](#) (SP) hafa lengi átt í margvíslegu samstarfi á sviði alþjóðlegrar þróunarsamvinnu. Nánari útlistun á samstarfi ráðuneytisins við aðilana þrjá og þeim breytingum sem það hefur tekið á síðustu árum, er sett fram í kafla 3, en hér á eftir fer stutt umfjöllun um markmið og starf aðilanna þriggja.¹¹

1.1 Landsnefnd UN Women á Íslandi

UN Women á Íslandi er ein af þrettán landsnefndum UN Women, stofnunar Sameinuðu þjóðanna um jafnrétti og valdeflingu kvenna. Meginhlutverk UN Women er að vinna að afnámi ofbeldis gegn konum og stúlkum, miða neyðaraðstoð að þörfum kvenna og stúlkubarna útrýma fátækt, efla pólitíska þátttöku kvenna og vinna málaflökkum um konur, frið og öryggi brautargengi. Höfuðstöðvarnar eru í New York, en starfsfólk, sjálfboðaliðar og velunnarar starfa í 88 löndum. Landsnefndir vinna að því að vekja athygli almennings á þörfum kvenna í fátækari löndum og starfi UN Women, afla fjár til starfsins og hvetja ríkisstjórnir sínar til að taka þátt í því.

UN Women er í [stefnu Íslands í alþjóðlegri þróunarsamvinnu 2019–2023](#) skilgreind sem ein af fjórum lykilstofnunum UTN í fjölþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands. Á árinu 2022 nam heildarframlag utanríkisráðuneytisins til UN Women tæplega 274 m.kr. Af því var kjarnaframlag 150 m.kr., en kjarnaframlög eru heppileg til að tryggja fyrirsjáanleika og að stofnanirnar geti brugðist við þar sem neyðin er mest hverju sinni.

Landsnefnd UN Women á Íslandi var stofnuð við lok árs 1989,¹² þá undir formerkjum Þróunarsjóðs Sameinuðu þjóðanna í þágu kvenna (United Nations Development Fund for Women, UNIFEM).¹³ Stuðning utanríkisráðuneytisins við landsnefnd UN Women má rekja aftur til ársins 1990 þegar nefndin komst á fjárlög og námu framlög einni m.kr. það ár og 1,1 m.kr. árið eftir.¹⁴ Þá var hlé fram til ársins 1995. Árið 2004 veitti UTN landsnefnd UNIFEM á Íslandi verkefnastyrk sem nam 2,7 m.kr., auk þess að styðja rekstur Miðstöðvar Sameinuðu þjóðanna. Árið 2005 veitti ráðuneytið nefndinni styrk til tveggja verkefna sem nam 8,7 m.kr.¹⁵ Markmiðið var að gera landsnefndinni kleift að hafa starfsmann í fullu starfi á

¹¹ Áhugasömum er bent á að kynna sér nánar starf [Landsnefndar UN Women](#), [Landsnefndar UNICEF](#) og [Félags SP](#) á heimasíðum félaganna.

¹² Þess má geta að Gréta Gunnarsdóttir, nú sendiherra, tók þátt í undirbúningi og stofnun landsnefndarinnar.

¹³ UNIEF sameinaðist öðrum einingum innan SP og hóf starf undir merkjum UN Women í janúar 2011. Í samræmi við það tóku landsnefndir upp sambærilegt heiti.

¹⁴ Nefndinni var skv. fjárlögum 1994 veittar 1,4 m.kr., en skv. heimildum barst sú greiðsla barst nefndinni aldrei (2008. Jochumsdóttir, Margrét Rósa. Landsnefnd UNIFEM á Íslandi: Saga, áherslur og aðferðir, bls. 72).

¹⁵ Yfirlit yfir stuðning ráðuneytisins frá 2010 er í kafla 3.3.

sínum vegum og styðja við upplýsinga- og kynningarstarf. Ísland hóf beinan fjölþjóðlegan stuðning við UNIFEM árið 2006. Ári seinna urðu tímamót í samstarfinu þegar gerður var fyrsti rammasamningurinn við landsnefnd UNIFEM og henni veittur 5 m.kr. árlegur stuðningur, frá 2007 til 2009.

Árið 1992 voru 98 félagsmenn í landsnefndinni og gekk illa að fjölga þeim þessi fyrstu starfsár. Í janúar 2006 voru félagar orðnir 547 talsins, 523 konur og 23 karlar og samkvæmt ársskýrslu landsnefndarinnar hafði félögum fjölgað um 50% frá árinu áður. Árið 2022 voru félagar tæplega 700 talsins. Starfsgildi landsnefndar eru um sjö á ársgrundvelli, auk 3 til 4 stöðugilda í úthringiveri. Jafnframt nýtur nefndin stuðnings fjölmargra sjálfboðaliða sem leggja sitt af mörkum til starfsins með ólíkum hætti. Má þar nefna hóp 10-15 ungmenna sem sinna götukynningum yfir sumatímamann, tíu manna stjórn og Ungmennaráð sem annast kynningar um jafnréttismál í öllum grunn- og háskólum.

Mánaðarleg framlög frá styrktaraðilum er mikilvægasta tekjuöflun landsnefndarinnar. Árið 2021 voru þeir 9.590 talsins og hefur þeim fjölgað jafnt og þétt, úr 4.441 frá árinu 2014. Íslenska landsnefndin er öflugasta landsnefndin á heimsvísu hvað þetta varðar en árið 2022 sendi hún út hæsta fjárframlag allra tólf landsnefnda, sjötta árið í röð. Árið 2021 var landsnefndin einnig stærsti einstaki framlagsaðili kjarnaframlaga til UN Women á eftir aðildarríkjum stofnunarinnar. Stór hluti af því fé sem safnast er sent til UN Women til að styðja við þeirra starf og er því áskorun að tryggja rekstrargrundvöll landsnefndarinnar þrátt fyrir umfangsmikla fjáröflun. Þá sinnir UN Women á Íslandi einnig öflugu kynningarstarfi ásamt fræðslu til almennings um stöðu kvenna í fátækari löndum.

1.2 Landsnefnd UNICEF á Íslandi

Landsnefnd UNICEF á Íslandi styður við starf Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna (UNICEF). UNICEF berst fyrir réttindum barna um allan heim með sérstakri áherslu á þau börn sem minna mega sín. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er hafður að leiðarljósi í öllu starfi UNICEF og hún starfar á vettvangi í 190 löndum. Starfsemi UNICEF á Íslandi felst meðal annars í fræðslu og vitundarvakningu um málefni barna, bæði til almennings og stjórnvalda. Þá beitir hún sér einnig fyrir réttindagæslu barna á Íslandi.

UNICEF er í [stefnu Íslands í alþjóðlegri þróunarsamvinnu 2019–2023](#) skilgreind sem ein af fjórum lykilstofnunum UTN í fjölþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands. Árið 2022 veitti utanríkisráðuneytið 150 m.kr. til UNICEF í kjarnaframlög, auk framlaga upp á 529 m.kr. til sértækra verkefna. Af samstarfsverkefnum Íslands og UNICEF má nefna stuðning við flóttamannabyggðir í norðurhluta Úganda og stuðning við sjávarsamfélög í Síerra Leóne.

Landsnefnd UNICEF var stofnuð árið 2004 en landsnefndir UNICEF starfa í 33 löndum og er íslenska landsnefndin sú næststærsta hlutfallslega á heimsvísu. Mánaðarlegir stuðningsaðilar voru um 24.600 árið 2021 og þeir voru burðarásinn í fjáröfluninni. Það ár veitti landsnefndin 548.120.605 kr. til alþjóðlegra verkefna, en 75,1% af söfnunarfé landsnefndarinnar var þá ráðstafað til alþjóðlegra

verkefna UNICEF. Þegar litið er á heildarframlög frá ríki og framlög íslensks almennings í gegnum starf íslensku landsnefndarinnar er Ísland einn stærsti styrktaraðili UNICEF á heimsvísu ef miðað er við höfðatölu.

Í landsnefndinni eru 24 starfsmenn,¹⁶ en innanlandsstarfið er einnig öflugt, þar sem m.a. er unnið að barnvænum sveitarfélögum, réttindaskólum UNICEF, réttindagæslu barna og fræðslustarfi um Barnasáttmála SP. Fjölmargir sjálfboðaliðar vinna jafnframt öflugt starf fyrir landsnefndina.

Landsnefndin lýsir hlutverki sínu og markmiðum þannig:

Hlutverk UNICEF á Íslandi er að styðja við markmið Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, UNICEF, um réttindi allra barna til lífs og þroska í samræmi við Barnasáttmálann. Markmiðum UNICEF á Íslandi skal náð með eftirfarandi hætti:

- með því að afla stuðnings fyrir alþjóðlegum verkefnum UNICEF, m.a. í gegnum fjársafnanir, með því að leita eftir styrkjum, ýmist frá einstaklingum eða lögaðilum, með innheimtu reglubundinna framlaga og með öðrum hætti;
- með því að gæta réttinda barna á Íslandi og veita stjórnvöldum aðhald á sviði barnaréttar;
- með því að vinna að því að UNICEF fái fjárhagslegan stuðning frá íslenskum stjórnvöldum;
- með því að auka skilning íslensks almennings á réttindum barna, aðstæðum barna annars staðar í heiminum og störfum UNICEF í þágu réttinda og hagsmuna barna;
- með því að tryggja að fjármunum sem safnað er í starfi UNICEF á Íslandi sé varið í þágu framangreindra markmiða; og
- með hverjum öðrum verkefnum sem sammælt er um við UNICEF.

1.3 Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi

Félag SP á sér langa sögu en það var stofnað að vori árið 1948. Þann 8. maí komu 70–80 manns saman á Hótel Borg¹⁷ og var Ásgeir Ásgeirsson, þá alþingismaður, kosinn fyrsti formaður félagsins.¹⁸ Í ávarpi undirbúningsnefndar var heitið „á Íslendinga að styðja þennan félagsskap og stuðla að því, að honum megi takast að ná hinu göfuga markmiði sínu.“¹⁹

¹⁶ Starfsfólk skiptist þannig að þrjú starfa í stjórnun og rekstri, átta í fjáröflunarteymi og fimm í símaveri sem til samans telja 1,5 stöðugildi, þrjú í kynningarteymi og þrjú í innanlandsteymi.

¹⁷ Ódagsett fundargerð félagsins frá stofnfundi er frá sunnudegi í apríl 1948.

¹⁸ Heimild: Þjóðviljinn, 102. tölublað, 1948, bls. 8.

¹⁹ Heimild: Alþýðublaðið, 111. tölublað 1948, bls. 8.

Úr ávarpi undirbúningsnefndar í tilefni stofnfundar Félags SP

„Sameinuðu þjóðirnar eru alþjóðasamtök, sem hafa það mikilsverða markmið að stuðla að vinsamlegum samskiptum þjóða á milli.

Íslendingar hafa gerzt aðili að þessum samtökum og þannig sýnt í verki, að þeir vilja vinna að því að hrinda hugsjónum sameinuðu þjóðanna í framkvæmd. En til þess að það megi takast, er ekki nóg, að ríkisstjórnir landanna vinni saman. Samvinna þeirra getur ekki borið fullan árangur, nema að þær hljóti öflugan stuðning borgaranna í starfi sínu í því skyni að skapa samhug milli þjóðanna sjálfra. [...] Þess vegna er nú unnið að því í öllum löndum, sem taka þátt í samstarfi sameinuðu þjóðanna, að koma á fót félögum, er vinna skulu að því að kynna hugsjónir þeirra, hlutverk og störf, og efla samhug og samvinnu þjóðanna sjálfra.“

Markmið félagsins í dag eru þríþætt og endurspeгла enn ágætlega þessa sýn, nú þegar 75 ár eru liðin frá stofnun félagsins, þótt heimsmarkmiðin og ungt fólk sé nú í brennidepli:

- Fjölbreyttari og aðgengilegri miðlun um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna
- Efla þekkingu og færni ungs fólks til þess að ýta undir sjálfbæra þróun²⁰
- Aukið framboð upplýsinga um Sameinuðu þjóðirnar og þróunarsamvinnu

Hvers vegna á ÍSLAND að vera í Sameinuðu þjóðunum?



Enn einu sinni getur ÆSKAN glatt lesendum sína með því að tilkynna þeim nýja ritgerðasamkeppni. Að þessu sinni eru það Æskan, Loftleiðir og Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi, sem eigna til samkeppninnar í tilefni af 25 ára afmæli Sameinuðu þjóðanna 24. október næstkomandi.

Ritgerðarefni verður:
HVERS VEGNA Á ÍSLAND AD VERA Í SAMEINUÐU ÞJÓÐUNUM?

Sex glæsileg verðlaun verða veitt fyrir bestu ritgerðirnar:

- 1.—2. verðlaun: Flugtar fram og til baka frá Reykjavík til New York og heimsókn í aðalstöðvar Sameinuðu þjóðanna.
3. verðlaun: Á sögustöðum, eftir W. G. Collingwood. Myndir úr Íslandsfyr sumarið 1897. Gefandi: Bókautgáfa Menningarsjóðs.
4. verðlaun: Hundrað ár í þjóðminjagæfni, eftir forseta Íslands, dr. Kristján Eldjárn. Gefandi: Bókautgáfa Menningarsjóðs.
5. verðlaun: Fuglar. Myndabók um Íslenska fugla. Gefandi: Bókautgáfa Menningarsjóðs.
6. verðlaun: Ævintýri og sögur. Ný útgáfa í 2 bindum á safni H. C. Andersens, sem Æskan gefur út á komandi hausti.



Tveimur verðlaunahöfum Æskunnar boðið til New York í haust til að heimsekja aðalstöðvar S. Þ.

Allir lesendur Æskunnar á aldrinum 12—16 ára hafa rétt til þátttöku í ritgerðasamkeppni þessari. Ritgerðirnar þurfa að hafa borið Æskunni fyrir 20. ágúst næstkomandi.

Fjögurra manna nefnd mun dæma ritgerðir þær, sem berast. Elga sæti í henni formaður Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi, dr. Gunnar Schram deldarstjóri, Sigurður Magnússon blaðafulltrúi Loftleiða, Helgi Eliasson fræðslumálastjóri og Grímur Engilberts ritstjóri.

Verðlaun þessi eru þau fjölbreyttustu, sem Æskan hefur boðið lesendum sínum til þessa, og vonandi stendur ekki á lesendum að hefjast nú handa og skrifa góðar ritgerðir um ritgerðarefnið:

**HVERS VEGNA
Á ÍSLAND AD VERA Í SAMEINUÐU ÞJÓÐUNUM?**

Ritgerðasamkeppni, sem Æskan, Félag Sameinuðu þjóðanna á ÍSLANDI og Loftleiðir gangast fyrir í tilefni af 25 ára afmæli Sameinuðu þjóðanna

Mynd 1 Ritgerðarsamkeppni Félags SP í tilefni 25 ára afmælis SP.

²⁰ Sbr. heimsmarkmið 4.7: Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allir nemendur öðlist nauðsynlega þekkingu og færni til þess að ýta undir sjálfbæra þróun, meðal annars með menntun sem er ætlað að efla sjálfbæra þróun og sjálfbæran lífsstíl, með því að hlúa að friðsamlegri menningu, með mannréttindum, kynjajafnrétti, alheimsvitund, viðurkenndri menningarlegri fjölbreytni og framlagi menningar til sjálfbærrar þróunar.

Þess má til gamans geta að áherslan á unga fólkið er ekki ný af nálinni og í 7.–8. tbl. tímaritsins Æskunnar sem kom út í júlí 1970 var í tilefni 25 ára afmælis Sameinuðu þjóðanna efnt til ritgerðarsamkeppni á vegum Félags SÞ og Loftleiða. Líkt og kemur fram á mynd 1 var keppnin ætluð krökkum á aldrinum 12–16 ára og var vinningshöfum boðið til New York í heimsókn í höfuðstöðvar SÞ.

Þetta var síður en svo fyrsta ritgerðarsamkeppnin sem haldin var á vegum félagsins, en félagið var lengi framan af mjög virkt og var um langt skeið veitt rekstrarfé á fjárlögum.²¹

Félagið hefur meðal annars í gegnum árin sinnt kynningu á starfi ráðuneytisins á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Rætur félagsins eru samofnar starfi utanríkisráðuneytisins og áður en Miðstöð SÞ var sett á laggirnar í mars 2004 fékk félagið um tíma afnot af skrifstofu og fundaraðstöðu innan ráðuneytisins.²² Núverandi samstarfssamningur utanríkisráðuneytisins og félagsins hefur það helst að markmiði að efla kynningu á hlutverki og starfi Sameinuðu þjóðanna og stuðla að aukinni umfjöllun um alþjóðamál, með sérstaka áherslu á þróunarmál og heimsmarkmiðin.

Félagið hefur tvo starfsmenn. Framkvæmdastjóri er í hálfu starfi og verkefnastjóri UNESCO-skóla er í fullu starfi, en 17 skólar á Íslandi eru nú svokallaðir UNESCO-skólar, sem er verkefni sem hefur notið stuðnings mennta- og barnamála-ráðuneytisins.

²¹ Virðist hafa verið afnumið 1998.

²² Tengsl félagsins við utanríkisþjónustuna hafa einnig verið langvarandi að því leyti að starfsfólk og velunnarar hennar hafa lagt sitt af mörkum til félagsins. Sem dæmi má nefna að Þorsteinn Ingólfsson, fyrrverandi sendiherra og ráðuneytisstjóri, var framkvæmdastjóri félagsins 1972–1973.

2. Aðferðir

Rýni þessari er ætlað að leggja mat á fyrirkomulag samstarfs UTN við landsnefndir Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) og Stofnun SP um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna (UN Women), sem og samstarf við Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi.

Við framkvæmd matsins var stuðst við verklýsingu þar sem helstu matsþættir voru dregnir fram, auk viðmiða fjármálaráðuneytisins sem byggjast á [reglugerð nr. 643/2018 um undirbúning, gerð og eftirfylgni samninga um framkvæmdir, rekstur og afmörkuð verkefni](#). Þar segir í 20. grein um lok samnings og endurnýjun: „Í úttektinni skal lagt heildstætt mat á árangur af framkvæmd verkefnisins á grundvelli þeirra mælikvarða um umfang, gæði og árangur sem skilgreindir eru í samningnum auk mats á hagkvæmni þess að framkvæma verkefnið með þessum tiltekna hætti.“ Samningar við viðkomandi aðila hafa gengið sitt skeið á enda og því viðeigandi að framkvæma mat á samningum og fyrirkomulagi samstarfs.

Ætlunin er að niðurstöður nýtist sem innlegg fyrir mótun samstarfs UTN við þessa þrjá aðila á komandi árum. Skoðunin hófst formlega um miðjan nóvember 2022 í kjölfar stuttrar forrýni og lauk verkinu í janúar 2023. Skoðunin var framkvæmd af skrifstofu innri málefna UTN og engum kostnaði var varið í verkefnið af hálfu UTN ef vinnutími starfsfólks er undan skilinn.

Rýnin var framkvæmd með þeim hætti að í grunninn var byggt á aðferðafræði úttekta í þróunarsamvinnu en jafnframt lögð áhersla á að takmarka umfang þeirrar vinnu sem lögð er í skoðunina. Því er óhjákvæmilega hvorki lögð eins ítarleg vinna í gagnasöfnun og -greiningar né í að útfæra tillögur með þeirri nákvæmni sem búast má við í hefðbundnum úttektum. Því ber að taka niðurstöðum með þessum fyrirvara og lögð er áhersla á að útfærslur tillagna eru í höndum samstarfsaðilanna. Skoðunin byggist á rýni á fyrirliggjandi gögnum og viðtölum við tengda aðila en lista af viðmælendum má finna í viðauka I. Landsnefndirnar og Félag SP veittu gagnlegan stuðning með því að afla gagna frá systurfélögum annars staðar á Norðurlöndum varðandi það hvernig fyrirkomulagi við samstarf við viðkomandi utanríkisráðuneyti og þróunarsamvinnustofnanir er háttað.

Leitast er við, eftir því sem kostur er, að byggja á gagnreyndum aðferðum, en leggja ber áherslu á að fyrirkomulag samstarfs er fyrst og fremst til skoðunar. Eiginlegur árangur aðilanna þriggja er efni í sérstaka úttekt. Fimm grunnviddir²³ skoðunar með viðeigandi undirspurningum eru settar fram í eftirfarandi töflu, en tekið var mið af þeim við gagnasöfnun og úrvinnslu.

²³ Þessar viddir byggjast á stöðluðu verklagi fyrir aðferðafræði úttekta og [úttektastefnu Íslands 2020–2023](#). Vidd um langtímaáhrif (e. impact) er undan skilin, enda er kastljósinu f.o.f. beint að þeim samningi sem um ræðir.

Gildi	Eru verkefni skilgreind og framkvæmd í samræmi við settan ramma skv. stefnu og þörfum Íslands á sviði alþjóðlegrar þróunarsamvinnu?
Undirspurningar	• Er samstarfið í takt við stefnu og þörf Íslands? • Er samstarfið í takt við stefnu og þörf landsnefnda og félags Sp?
Samhæfing	Hversu vel samræmast verkefni öðrum viðfangsefnum á málefnasviðinu, hvernig má hámarka samlegð?
Undirspurningar	• Hver eru samlegðaráhrif við tengd verkefni sem stjórnarráðið/önnur ráðuneyti hafa, er samfella í starfi? • Hversu vel tengist samningurinn öðru starfi samningsaðila, er hægt að auka samlegð með einhverju móti? • Hvaða umgjörð væri sú heppilegasta til að leggja grundvöll að farsælu samstarfi?
Hagkvæmni	Hversu vel eru bjargir/fjármagn nýtt og er ráðdeildar gætt í útgjöldum?
Undirspurningar	• Hvert er rekstrarlegt umfang verkefna (fjármunir sem UTN veitir undir merkjum samstarfsins) og eru fjármunir sannanlega nýttir til þeirra verkefna sem skilgreind eru (eru fjárútlát skv. viðmiðum DAC)? • Er ráðdeildar gætt og er kostnaður innan þess sem raunhæft má teljast?
Skilvirkni	Upp að hvaða marki hafa verkefni náð sínum markmiðum?
Undirspurningar	• Hver er afrakstur/árangur verkefna eftir ólíkum áherslum samstarfsaðila? • Hefur afrakstur verið viðunandi skv. árangursviðmiðum? • Hefur umsýsla og fyrirkomulag verið með þeim hætti að skilvirkni sé hámarkuð?
Sjálfbærni	Upp að hvaða marki hefur fyrirkomulag samstarfs stuðlað að því að nefndirnar og félagið haldi áfram í rekstri?
Undirspurningar	• Hefur samstarfið haft vægi fyrir það að halda lífi í nefndunum og félaginu? • Hefur afrakstur verið með þeim hætti að líklegt sé að hann haldi vægi sínu til framtíðar?

3. Mat

Lærdómur sá sem draga má af samstarfi UTN við landsnefndir UNICEF og UN Women og Félag Sameinuðu þjóðanna er margháttaður. Hér á eftir er sérstaklega fjallað um þætti sem varða fimm af sex meginvæðum úttekta.²⁴

3.1 Gildi

Gildi²⁵ felur í sér að annars vegar er lagt mat á hvort samstarfið sé skilgreint og framkvæmt í samræmi við settan ramma samkvæmt stefnu og svari þörfum Íslands á sviði alþjóðlegrar þróunarsamvinnu og hins vegar hvort fyrirkomulagið sé í takt við stefnu og þörf viðtakenda.

Stefna um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands²⁶ gefur grundvöll fyrir samstarf ráðuneytisins við landsnefndirnar og Félag SP. Í henni kemur fram að til að ná megi settum markmiðum þarf að virkja ólíka aðila til samstarfs auk þess sem aðild Íslands að SP er einn helsti grundvöllur þróunarsamvinnu Íslands. Jafnrétti kynjanna og réttindi barna eru í öndvegi og sérstök áhersla lögð á berskjaldaða hópa. Þá styðja landsnefndirnar við starf tveggja af fjórum áherslustofnunum Íslands í fjölþjóðlegri þróunarsamvinnu.²⁷ Hlutverk landsnefndanna og Félags SP er þó ekki síður miðlægt hvað varðar kynningu og fræðslu um heimsmarkmiðin og alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands. Það endurspeglast í stefnu Íslands þar sem samstarf við landsnefndir er tiltekið sérstaklega.

Úr stefnu Íslands um kynningu og fræðslu

Íslensk stjórnvöld leggi áherslu á upplýsingagjöf, kynningu og fræðslu um heimsmarkmiðin og alþjóðlega þróunarsamvinnu. Markmiðið verði að auka skilning á þeim hnattrænu áskorunum sem til staðar eru, auka gagnsæi, skilvirkni og stuðla að aukinni þekkingu meðal almennings um málaflokkinn. Lögð verði áhersla á að nýta nýjar hugmyndir og nálganir við kynningarstarf. Ólíkar leiðir verði nýttar til að ná til almennings, m.a. með gagnvirkum gagnaveitum, samfélagsmiðlum og samstarfi við menntastofnanir, fjölmiðla, félagasamtök, háskólasamfélagið og **landsskrifstofur alþjóðastofnana**. Árangri af þróunarsamvinnu og mannúðarstarfi verði komið á framfæri við almenning með viðeigandi umfjöllun sem byggist á virðingu fyrir fólki og viðkvæmum hópum.

Landsnefndirnar eru jafnframt mikilvægar í því grunnhlutverki sínu að styðja við viðkomandi stofnun SP og virkja íslenskan almenning í þágu þróunarsamvinnu

²⁴ Langtímaáhrif (e. impact) eru undanskilin, enda erfiðleikum bundið að meta slík áhrif til skemmri tíma.

²⁵ E. relevance.

²⁶ Sjá <https://www.althingi.is/altext/149/s/0416.html>

²⁷ Áherslustofnanir Íslands eru þar fjórar: Alþjóðabankinn, Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna (UNICEF), Stofnun Sameinuðu þjóðanna um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna (UN Women) og Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna (UNFPA).

með fjárframlögum og þar með einnig styðja við markmið íslenskrar þróunarsamvinnu. Á ári hverju styrkja rúmlega 10% íslensku þjóðarinnar reglulega starfsemi á vegum SÞ í gegnum þessa aðila og renna umtalsverðar upphæðir til þróunarlanda til að vinna að framgangi heimsmarkmiðanna þar.

Góður árangur landsnefndanna hefur einnig aukið sýnileika Íslands á alþjóðavettvangi og verið gott fordæmi, bæði fyrir viðkomandi alþjóðastofnanir og önnur framlagsríki. Sá árangur sem samstarfsaðilar hafa náð í sínu starfi hefur því einnig ríkt gildi fyrir utanríkisráðuneytið.



Mynd 2 Ljósaganga landsnefndar UN Women 2022 með þátttöku utanríkisráðherra.

Líkt og kemur fram hér að framan eru landsnefndirnar og Félag SÞ mikilvægur hlekkur í því fjölbreytta samstarfi sem utanríkisráðuneytið á við aðila innanlands. Samstarfið eykur vægi starfsins, gefur því aukna vigt í alþjóðlegu samhengi og eykur fjölbreytni. Í því samhengi má nefna þátttöku í alþjóðlegum viðburðum, málsvara- og málefnastarfi.²⁸

Gildi samstarfsins fyrir landsnefndirnar og félag SÞ er enn fremur verulegt ef litið er til rekstrarlegra þátta. Landsnefndirnar eru skuldbundnar til að skila a.m.k. 75% af því fjármagni sem safnast frá almenningi til viðkomandi stofnunar SÞ. Aðilunum er því þröngt sniðinn stakkur hvað varðar fjármögnun á grundvallarrekstri starfseminnar, þ.m.t. að standa straum af kostnaði vegna húsnæðis, launa og útgjalda vegna upplýsingagjafar, fræðslu og fjáröflunar.

²⁸ Svo sem með álits- og greinargerðum um viðkomandi málaflokka.

Áreiðanlegur og fyrirsjáanlegur stuðningur af hálfu UTN er því dýrmætur fyrir landsnefndirnar tvær og Félag SP.

Það má því segja að gildi samstarfs sé verulegt fyrir alla hlutaðeigandi aðila, enda hefur starfið skýra tilvísun í stefnu Íslands í alþjóðlegri þróunarsamvinnu. Við það má bæta að samstarf milli þessara aðila langvarandi, þótt það hafi ekki ætíð verið með sama fyrirkomulagi, og hefur í gegnum tíðina skilað margvíslegum ábata.

3.2 Samhæfing

Grundvallarspurning varðandi samhæfingu²⁹ er hversu vel þróunarinnigrip passar inn í það heildarstarf sem innt er af hendi. Skoða þarf hvort samlegðaráhrif nást við tengd verkefni sem UTN eða önnur ráðuneyti fara með og hvort samfella er í starfi? Þá er skoðað hversu vel samstarfið tengist öðru starfi samningsaðila og hvort hægt er að auka samlegð með einhverju móti og loks hvaða form samstarfs er það heppilegasta til að leggja grundvöll að farsælu samstarfi?

3.2.1 Samfella og samlegð í starfi

Líkt og fram kom í umfjöllun um gildi falla starf og áherslur aðilanna þriggja vel að áherslum og stefnu Íslands í alþjóðlegri þróunarsamvinnu. Hlutverk þeirra við að sinna kynningu og fræðslu um þróunarsamvinnu á Íslandi er jafnframt mikilvægur þáttur. Kannanir gefa til kynna að Íslendingar séu hlynntir þróunarsamvinnu og að litið sé svo á að Íslendingum, sem ábyrgri þjóð sem býr við velsæld, beri skylda til að styðja þá sem minna mega sín í veröldinni.³⁰ Kjörnir fulltrúar fá umboð frá almenningi til að framkvæma þróunarsamvinnu sem gera það með fulltingi UTN. Því er fræðsla til almennings, ekki einungis um þróunarsamvinnu sem slíka og þann árangur sem hún skilar, heldur einnig um það alþjóðakerfi sem gefur umgjörð um alþjóðlega þróunarsamvinnu, þ.m.t. kerfi SP, ákaflega mikilvæg. Samstarf við aðila sem leggja áherslu á og tengjast hinu fjölþjóðlega kerfi er því dýrmætt fyrir UTN.

Mikilvægt er að hafa í huga sérstöðu landsnefndanna og Félags SP og tengsl þeirra við fjölþjóðlega þróunarsamvinnu, en setja þau ekki að fullu undir sama hatt og íslensk frjáls félagasamtök sem starfa að mannúðar- og þróunarsamvinnuverkefnum erlendis. Markmið aðila með starfinu eru ólík, þó að hluti starfsins rími vel saman, s.s. kynning og fræðsla um málefni og stöðu fólks í efnaminni ríkjum heims.

Innan ráðuneytisins hafa nýir umsýsluaðilar vegna samstarfsins tekið við að einhverju leyti, en helsti tengiliður vegna rammasamninga var áður sérfræðingur sem sinnti samstarfi við stofnanir Sameinuðu þjóðanna. Á síðustu tveimur árum

²⁹ E. coherence.

³⁰ Skv. Maskínukönnun um viðhorf almennings frá maí 2022 eru 64,2% landsmanna fremur eða mjög sammála því að það sé siðferðisleg skylda Íslands að draga úr fátækt í þróunarríkjum og 83,8% telja fremur eða mjög mikilvægt að Ísland veiti þróunarrikjum og íbúum þeirra aðstoð.

hefur umsýsla í meira mæli skarast við samstarf UTN við frjáls félagasamtök, sbr. styrkveitingar úr sameiginlegum potti. Mikilvægt er að hámarka samlegð við starf ráðuneytisins og hefur samstarf í gegnum hið fjölþjóðlega starf UTN sem hefur með höndum samvinnu við stofnanir SÞ verið fjölbreytilegt í gegnum tíðina. Má þar nefna sameiginlega viðburði á vettvangi viðkomandi alþjóðastofnana, stuðning við þátttöku íslenskra aðila í alþjóðlegum viðburðum, ungliðaáætlun SÞ, álitssgerðir um tengd málefni og málstofur auk innanlandsstarfs landsnefnda og félags SÞ sem rímar vel við stefnuáherslur Íslands í fjölþjóðlegri samvinnu. Þá mætti líta til annars þróunarsamvinnustarfs UTN m.t.t. samlegðar, s.s. samstarfs við íslensk frjáls félagasamtök, fyrirtæki og háskólasamfélagið.³¹ Þá er ótalin mannúðar- og neyðaraðstoð og tvíhliða þróunarsamvinna Íslands. Ísland vinnur með margvíslegum hætti með UNICEF og UN Women í gegnum tvíhliða þróunarsamvinnu. Má þar nefna stór samstarfsverkefni í Síerra Leóne, Úganda og Mósambík á undanförunum árum. Mat á mögulegum samlegðaráhrifum við starf Íslands á þeim vettvangi fellur ekki innan þessarar rýni, en rétt er að benda á möguleg samstarfstækifæri, t.d. hvað varðar að kynna þessi verkefni Íslands og árangur þeirra fyrir íslenskum almenningi.



Mynd 3 Neyðarsöfnun UN Women fyrir konur og stúlkur á flóttu 2022.

Jafnframt styðja átaksverkefni landsnefnda við starf utanríkisráðuneytisins á sviði mannúðar- og neyðaraðstoðar, líkt og neyðarsöfnun UN Women fyrir konur og stúlkur á flóttu árið 2022.

Þá má benda á að rækta mætti frekar samstarf milli Félags SÞ og [GRÓ – þekkingarmiðstöðvar þróunarsamvinnu](#), sem skilgreind er sem stofnun í flokki 2 (Category 2 Institution) undir UNESCO. Hlutverk GRÓ er að efla getu einstaklinga,

³¹ Svo sem með módeli SÞ (e. Model UN) þar sem nemendur setja sig í spor fulltrúa ríkja til að semja um raunverulegar áskoranir sem koma til úrlausnar á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

samtaka og stofnana í þróunarlöndum og löndum þar sem átök standa yfir eða eru nýlega afstaðin til að ná þeim niðurstöðum á sviði þróunarsamvinnu sem sett eru fram í heimsmarkmiðunum um sjálfbæra þróun (heimsmarkmiðum SP). Starfið fer fram með þjálfunaráætlunum sem miða að því að byggja upp getu með áherslu á fjögur þemasvið: jafnrétti, jarðhita, landgræðslu og sjávarútveg. Starf GRÓ byggist á samningum við ólíkar stofnanir sem hýsa fjóra skóla. [Jarðhitaskólinn](#) stuðlar að nýtingu og sjálfbærri stjórnun áreiðanlegra, hagkvæmra og vistvænna jarðvarmaorkugjafa. [Íslenskar orkurannsóknir](#) hafa hýst skólann frá ársbyrjun 2021. [Sjávarútvegsskólinn](#) stuðlar að sjálfbærri nýtingu og stjórnun á lifandi auðlindum hafs og vatna og er hann hýstur hjá [Hafrannsóknastofnun](#). Landgræðsluskólinn leggur áherslu á baráttu gegn landeyðingu, endurheimt landgæða og að stuðla að sjálfbærri landstjórnun. Hann er hýstur undir [Landbúnaðarháskóla Íslands](#). Loks stuðlar [Jafnréttisskólinn](#) að kynjajafnrétti, valdeflingu kvenna og félagslegu réttlæti og er hann hýstur hjá [Háskóla Íslands](#).

Samhæfing innan UTN er því ákaflega mikilvæg, þ.m.t. milli þróunarsamvinnu-skrifstofu og skrifstofu alþjóðapólitískra málefna, sem m.a. fer með mannúðar- og neyðaraðstoð, og upplýsingadeild sem er ábyrg fyrir kynningarmálum þróunarsamvinnu. Samstarf sem byggist á gagnkvæmu trausti, virku samtali og samráði gefur kost á margvíslegum tækifærum.

Þá ber að hafa í huga að landsnefndirnar vinna með öðrum aðilum innan íslenska stjórnarráðsins, t.d. hefur Félag SP umsýslu með skólum UNESCO á Íslandi, og landsnefnd UNICEF sinnir verkefnum sem varða barnvæn sveitarfélög og réttindaskóla UNESCO. Forsætisráðuneytið hefur skv. forsetaúrskurði með höndum jafnréttismál sem málaflokk³² og mikilvægt að tryggja samhæfingu þar á milli þegar samstarf UTN við landsnefnd UN Women er annars vegar. Þannig er brýnt að líta heildrænt til samstarfsins og tryggja samlegðaráhrif við tengd verkefni, hvort sem þau eru á hendi UTN eða annarra ráðuneyta.

3.3 Hagkvæmni


Í stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands frá 2019 til 2023 kemur m.a. fram að gerð er krafa um skilvirka og ábyrga notkun á þeim fjármunum sem ráðstafað er til þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoðar. Hér er ekki lagt mat á rekstrarlega hagkvæmni en öðru fremur er leitast við að varpa ljósi á rekstrarlegt umfang verkefna eða þá fjármuni sem UTN hefur veitt á undanförunum árum undir merkjum samstarfsins og hvort fjármunir er sannanlega nýttir til þeirra verkefna sem skilgreind eru. Í þessu samhengi er ætíð mikilvægt að gæta þess að fjárútlát séu skv. viðmiðum þróunarsamvinnunefndar OECD (DAC) um hvað telst til þróunarsamvinnu.

³² Sjá: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2022006.html>

Ekkert er talið því til fyrirstöðu að fjármunir séu **framtalshæfir sem kostnaður þróunarsamvinnu**³³ en hins vegar er mikilvægt að samstarfsaðilar UTN geri sér grein fyrir því hvað í því felst og að fjárumsýsla sé sundurgreind frá öðrum rekstri, sem ekki telst til þróunarsamvinnu. Þá hefur UTN jafnframt ríka skyldu að fylgjast með ráðstöfun þróunarsamvinnufjár og rík áhersla lögð á virkt eftirlit hvað það varðar. Ætíð þarf að taka tillit til þessara þátta við útfærslu samstarfs.

3.3.1 Rekstrarlegt umfang og kostnaður UTN

Líkt og sýnt er á mynd 4 nam stuðningur UTN við landsnefndir og Félag SP alls 246.843.782 kr. undir formerkjum rammasamninga á tímabilinu 2010 til 2020.³⁴ Landsnefnd UN Women hlaut rúmlega 103 m.kr. stuðning á tímabilinu, landsnefnd UNICEF 71 m.kr. og Félag SP rúmlega 72 m.kr.




Mynd 4 Stuðningur UTN 2010–2020.

Að auki fékk landsnefnd UN Women greiddar 5.766.122 kr. árið 2018. Styrkurinn var annars vegar fyrir framkvæmd á tveimur rakarastofum (e. Barbershop) sem haldnar voru í Malaví í nóvember í tilefni fullveldisafmælisins. Þetta voru fyrstu rakarastofurnar í Afríku og var önnur þeirra haldin í Mangochi-héraði og hin í höfuðborginni Lilongwe. Hins vegar var sá stuðningur nýttur til fjáröflunar- og

³³ Tryggja þarf að útgjöld skv. skilgreiningum OECD DAC falli undir þróunarsamvinnu. Mest af starfinu er fræðslu- og kynningarstarf og tegund þess skv. skilgreiningum DAC flokkast sem H01, Development awareness og svokallaður tilgangskóði (e. purpose code) er 99820, sem eru framlög í framlagsríki til að bæta vitund og áhuga á þróunarsamvinnu, s.s. með rituðu efni, fyrirlestrum, sérstökum rannsóknum o.s.frv.

³⁴ Upphæðir eru á nafnvirði á viðkomandi ári. Núvirði er umtalsvert hærra.

kynningarstarfs, m.a. með vettvangsvinnu í Malaví þar kynningarefni var tekið upp fyrir sjónvarpssöfnun í Ríkissjónvarpinu árið 2019.³⁵



Mynd 5 Styrkveitingar 2021.

Á mynd 5 eru styrkveitingar ráðuneytisins settar fram. Líkt og áður hefur verið útlitað breyttist samstarfsfyrirkomulag ráðuneytisins og rammasamningar voru aflagðir við landsnefndirnar tvær í lok árs 2020. Félag SP hélt þó sínum rammasamningi, en honum var ætlað að tryggja grundvallarrekstrarafkomu félagsins³⁶ og nam stuðningur ráðuneytisins 4 m.kr. á ári, auk þess sem aðilarnir þrír fengu hver um sig tveggja milljóna króna styrk vegna reksturs miðstöðvar SP. Aðilarnir þrír gátu einnig sótt um stuðning vegna kynningar- og fræðslustyrkja, sem fóru í formlegt matsferli ásamt umsóknum frá öðrum aðilum. Stuðningur utanríkisráðuneytisins við landsnefndir UN Women og UNICEF og Félag SP árið 2021 nam alls 37.375.000 kr. Húsnæðisstyrkur vegna reksturs miðstöðvar

³⁵ Sjá nánar: <https://unwomen.is/herferdir-verkefni/stulka-ekki-brudur/>

³⁶ Auk þess sem félagið sinnir einnig fræðslu- og kynningarstarfi.

Sameinuðu þjóðanna nam alls 6 m.kr. Þess ber þó að geta að húsnæðisstyrkur þessi var veittur af málefnasviði 4 innan UTN, sem flokkast til utanríkisþjónustu og stjórnsýslu utanríkismála en ekki af þróunarsamvinnufé enda þótti erfiðleikum bundið að gera greinarmun á milli húsnæðiskostnaðar vegna almenns starfs og vegna þróunarsamvinnu, sem er grundvallarforsenda fyrir stuðningi þar sem þróunarsamvinnufé er nýtt. Jafnframt er mikilvægt að hafa í huga að þessi stuðningur af hálfu UTN er óbeinn, þar sem stuðningurinn rann til miðstöðvarinnar sem rekin var á sér kennitölu og kom þannig til lækkunar á leigukostnaði aðilanna í stað þess að vera beinn stuðningur til starfsins. Stuðningur vegna Miðstöðvarinnar skiptist í samræmi við leiguhlutfall aðilanna þriggja³⁷ og var formfestur í júlí 2021 með samkomulagi um framlengingu fyrri samstarfssamnings sem gerður var í desember 2016. Sá samningur sagði fyrir um stuðning ráðuneytisins til Miðstöðvarinnar sem nam tveimur milljónum á ári fyrir tímabilið 2017-2019.

Heildarstuðningur til **landsnefndar UN Women** nam 13,09 m.kr. á árinu 2021. Landsnefndin hlaut m.a. styrk vegna verkefnisins *Kynslóð jafnréttis: Sókn til fyrirtækja við að hraða fyrir breytingum í þágu kvenna og stúlkna*. Markmið verkefnisins var að styðja við starf UN Women á Íslandi varðandi jafnréttisáttak UN Women, [Kynslóð jafnréttis](#). Verkefnið snýr að sókn til fyrirtækja með það að markmiði að skapa fleiri samstarfstækifæri við einkageirann, en samstarf við fyrirtæki er mikilvægur þáttur í því að heimsmarkmiðum Sp verði náð. Í þessu samhengi má einnig nefna að landsnefnd UN Women á einnig í samstarfsverkefni við fyrirtækið 66°Norður, sem hlaut stuðning úr Heimsmarkmiðasjóði atvinnulífs um þróunarsamvinnu.

Samstarfsverkefni 66°Norður og landsnefndar UN Women

Markmið verkefnis er efnahagsleg valdefling kvenna á flóttu frá Sýrlandi, Írak og Afganistan sem dvelja í SADA-miðstöðinni í Tyrklandi. Konur fá þjálfun í saumaskap og framleiðslu á handverks- og hönnunarvörum úr afgangsefni frá íslenska fyrirtækinu og nærumhverfinu í Tyrklandi. Hluti verkefnis er einnig þjálfun í að skilja sjálfbæra framleiðslu, ábyrga neyslu og hringrásarhagkerfið. Hönnunin verður seld á Íslandi og rennur ágóðinn til áframhaldandi reksturs og atvinnusköpunar hjá SADA-miðstöðinni. Verkefnið felur í sér kynningu heima fyrir og alþjóðlega og getur stutt við vitundarvakningu fyrir íslensk fyrirtæki til að styðja við heimsmarkmið Sp með þróunarsamvinnuverkefnum.

Fræðslu- og kynningarverkefni landsnefndar UN Women sneri að því að starfrækja fræðsluhóp til að vekja almenning til vitundar um eitt útbreiddasta mannréttindabrot heims; ofbeldi gegn konum og stúlkum, afleiðingar þess á konur, fjölskyldur þeirra og samfélagið allt ásamt því að fræða landsmenn um

³⁷ Landsnefnd UN Women 26,5%, Félag Sp 5% og landsnefnd UNICEF 68,5%.

Þau fjölbreyttu verkefni UN Women sem miða að því að útrýma kynbundnu ofbeldi. Fræðslan fór fram með einstaklingsmiðuðum samtölum við unga fræðslufulltrúa á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri, sem og með kynningum í grunn- og framhaldsskólum. Í verkefninu var sérstök áhersla lögð á að ná til karla og stráka.

Annað verkefni landsnefndar sem hlaut brautargengi í umsóknum um kynningar- og fræðsluverkefni var **Skuggafaraldur COVID-19**. Markmið verkefnisins var að fræða almenning á Íslandi um þær alvarlegu afleiðingar sem COVID-19 hefur í för með sér á stöðu kvenna og framtíð stúlkna ásamt því að leitast við að styðja aðgerðir UN Women til verkefna tengdra COVID-19, með heimsmarkmið SP númer 1, 5 og 16 að leiðarljósi. Verkefnið byggðist á fjölmiðlaherferð þar sem almenningur var fræddur um helstu þætti vegna faraldursins sem hafa valdið verulegu bakslagi í baráttunni fyrir bættri stöðu og réttindum kvenna og stúlkna.

Heildarstuðningur UTN við landsnefnd UNICEF árið 2021 nam 13.110.000 kr. Annars vegar nam fyrrnefndur styrkur vegna húsnæðis 4.110.000 kr. og hins vegar var stuðningur til **fræðslu- og kynningarstarfs UNICEF á Íslandi** 9 m.kr. Verkefnið fékk brautargengi í samkeppnissjóði ráðuneytisins fyrir landsnefndir og frjáls félagasamtök. Markmið verkefnisins var að auka enn frekar upplýsingagjöf til almennings um stöðu barna um allan heim og sýna árangur alþjóðlegs þróunar- og hjálparstarfs í þágu barna á árinu 2021. Sérstaklega var horft til þess að auka þekkingu ólíkra hópa á alþjóðlegri þróunarsamvinnu og framlagi Íslands á því sviði. Fréttir af þróunarsamvinnu voru birtar vikulega á fréttasíðu UNICEF á Íslandi, á samfélagsmiðlum og í fjölmiðlum ásamt því að fræðslu var beint til tugþúsunda styrktaraðila UNICEF á Íslandi. Auk þess fór UNICEF í skipulagðar kynningarherferðir um þær áskoranir sem börn standa frammi fyrir og hvernig samstaða almennings getur borið árangur í að ná heimsmarkmiðunum.


Heildarstuðningur UTN til Félags SP á árinu 2021 nam 11.175.000 kr. Auk grunnstuðnings í gegnum rammasamning sem nam 4 m.kr. og húsnæðisstyrks upp á 300.000 kr. hlaut félagið enn fremur stuðning árið 2021 undir merkjum *þróunarsamvinna ber ávöxt* en félagið hélt **námskeið fyrir þingmenn** og nam kostnaður við verkefnið 2,5 m.kr. Félagið var í forsvari fyrir tíu félagasamtök³⁸ sem saman mynda hópin Frjáls félagasamtök í þróunarsamvinnu (FFP). Verkefnið var hluti af árlegu samstarfi þessara samtaka undir hatti herferðarinnar *þróunarsamvinna ber ávöxt*.

Annað verkefni félagsins sneri að **kynningarverkefni um SP og þróunarsamvinnu** og nam styrkupp hæð vegna verkefnisins 4.375.000 kr. Markmið verkefnanna var að mynda breiða samstöðu og efla vitund almennings um

³⁸ Félögin eru ABC barnahjálpar, Barnaheill Save the Children á Íslandi, CLF á Íslandi, Hjálparstarf kirkjunnar, Kristnibóðssambandið, Rauði Kross Íslands, SOS Barnahópur, Sól í Tógó, UNICEF á Íslandi og UN Women á Íslandi.

mikilvægi alþjóðlegrar þróunarsamvinnu ásamt því að leggja áherslu á þær stofnanir SP sem sinna þróunarsamvinnu og eru tilteknar sem áherslustofnanir í þróunarsamvinnustefnu Íslands.

Á árinu 2022 nam heildarstuðningur UTN við landsnefndirnar og Félag SP 22.500.000 kr., og er skipting hans sýnd á mynd 6.



Mynd 6 Styrkveitingar 2022.

Samningur fyrra árs um húsnæðisstyrk vegna reksturs Miðstöðvar SP hafði runnið skeið sitt á enda án endurnýjunar en Félag SP var enn með rammasamning sem nam 4 m.kr. á árinu. Líkt og árið áður höfðu aðilarnir þrír aðgang að samkeppnissjóði um kynningar- og fræðslustyrki. Allir aðilar fengu brautargengi þar með verkefnatillögur.



Mynd 7 Fræðsla til undirbúnings söfnunarátaks UNICEF í sjónvarpi 2022

Landsnefnd UNICEF fékk styrk sem nam 4,5 m.kr. til að halda áfram **virtri upplýsingagjöf til almennings** og sýna árangur alþjóðlegrar þróunarsamvinnu í þágu barna. Þar var þekkingu og fræðslu miðlað í gegnum fjölda miðla, s.s. heimasíðu, samfélagsmiðla, fréttaskrif og fleira. M.a. var unnið [myndband í tilefni af alþjóðadegi barna](#) sem forseti Íslands kom fram í. Jafnframt var stuðlað að sérstakri fræðslu til fyrirtækja sem eiga í samstarfi við samtökin.



Mynd 8 Undirbúningur fyrir gerð fræðslumyndbands UNICEF í tilefni af alþjóðadegi barna 2022.

Félag SP fékk styrk til að standa að **almennu kynningarstarfi um mikilvægi þróunarsamvinnu**. Meginmarkmið kynningarstarfsins var að upplýsa almenning á Íslandi, fyrirtæki, stofnanir, bæjarfélög og fleiri aðila um störf SP, heimsmarkmiðin, þróunarsamvinnu og þátttöku Íslands á alþjóðlegum vettvangi.

Annað kynningarverkefni var ljósmyndasýningin ungar mæður. Leitast var við að segja sögu ungra mæðra og um leið stuðla að vitundarvakningu um stöðu þeirra, en brotið hefur verið á réttindum þessara stúlkna til að vera börn. Áhersla var lögð á að kynna starf Mannfjöldasjóðs SP (UNFPA) en stofnunin er ein af áherslustofnunum Íslands á sviði fjölþjóðlegrar þróunarsamvinnu. Utanríkisráðherra opnaði sýninguna 11. október í Smáralind ásamt Pernille Fenger, framkvæmdastjóra UNFPA á Norðurlöndum.

Child Mothers



Taonga frá Sambíu.

”

Sýningin „Child Mothers“ fjallar um sögur ungra stúlkna af því að ganga snemma inn í móðurhlutverkið. Ungum stúlkum í minna þróaðri löndum verður oft af menntun vegna þess að þær eignast ungar börn, giftast ungar eða verða fyrir ýmsum heilsufarslegum vandamálum í fæðingu. Það er ljóst að þessi hópur þarf sérstaka athygli til þess að uppfylla heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, þá aðallega heilsu og vellíðunar; menntun fyrir alla og jafnrétti kynjanna.

Mynd 9 Mynd frá ljósmyndasýningu Félags SP.

Landsnefnd UN Women fékk styrki fyrir tveimur verkefnum í gegnum samkeppnissjóðinn. Hið fyrra var fræðsluverkefni úthringivers, sem var ætlað að koma í staðinn fyrir götukynningar sem þurfti að endurskoða í ljósi heimsfaraldurs COVID-19. Fræðslan náði annars vegar til almennings og hins vegar til lítilla og meðalstórra fyrirtækja á Íslandi og var markmið verkefnisins að vekja almenning og fyrirtæki til vitundar um ofbeldi gegn konum og stúlkum og sértæk áhrif loftslagsbreytinga á líf kvenna og stúlkna.

Seinna verkefnið var undir yfirskriftinni „Hafðir þú tíma til að pakka?“ og miðaði að því að vekja almenning á Íslandi til umhugsunar um stöðu kvenna og stúlkna á flóttu með áherslu á sértækar þarfir þeirra. Herferðin, ásamt auglýsingum voru birtar í fjölmiðlum, á samfélagsmiðlum og í gegnum sms.

Þegar stuðningur ráðuneytisins á undanförunum árum er skoðaður má segja að umfangið 2021 hafi verið nokkuð í takt við árin á undan, en féll umtalsvert árið 2022, ekki síst vegna þess að stuðningi vegna reksturs Miðstöðvar SP var hætt það ár.

3.3.2 Samstarfsfyrirkomulag

Í mars 2017 gerðu UTN, landsnefndirnar tvær og Félag Sameinuðu þjóðanna með sér samstarfssamninga til þriggja ára um upplýsingagjöf og kynningarmál.

Samstarfsfyrirkomulagið byggðist þá á rammasamningum sem höfðu verið við lýði frá 2007. Auk þess studdi ráðuneytið við Miðstöð Sameinuðu þjóðanna á Íslandi sem annaðist sameiginlegan rekstur félaganna og var sá samningur til þriggja ára. Á vormánuðum 2020 fluttist miðstöð Sameinuðu þjóðanna á Laugaveg 77 og hélt ráðuneytið áfram stuðningi við rekstur miðstöðvarinnar.³⁹ Á árinu 2020 voru fyrrnefndir samningar framlengdir til eins árs, þar sem félögin þrjú nutu stuðnings sem nam 10 m.kr., en þar af voru Félagi SÞ á Íslandi eyrnamerkta tvær m.kr. til kynningarstarfa vegna 75 ára afmælis SÞ sem var á árinu.

Utanríkisráðuneytið hafði undanfarin ár, í tengslum við styrkveitingar til frjálsra félagasamtaka, boðið styrki til kynningar- og fræðslustarfs, en þeir höfðu ekki verið opnir landsnefndum, þar sem markmið þeirra með starfi er annað en annarra frjálsra félagasamtaka sem starfa á sviði mannúðaraðstoðar og þróunarsamvinnu, sem sinna verkefnum á vettvangi. Dæmi um auglýsingu UTN fyrir umsóknir í janúar 2022 má finna í viðauka II.

Alþjóða- og þróunarsamvinnuskristofa endurskoðaði framtíðarfyrirkomulag á samstarfi við aðilana árið 2020. Niðurstaðan varð sú að gera félögunum kleift að sækja um styrki til verkefna úr sjóði UTN til félagasamtaka í þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoðar. Röksemdirnar voru þær að ráðuneytið ætti að gæta jafnræðis og fremur að taka við umsóknum um styrkveitingar í gegnum sjóði þar sem verkefnatillögur væru metnar á grundvelli fyrirfram skilgreindra matsviðmiða. Sjóður var settur á laggirnar sem var opinn landsnefndum og frjálsum félagasamtökum sem vinna að vitundarvakningu, kynningu og fræðslustarfi í tengslum við þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð.

Við lok árs 2020 runnu rammasamningar við landsnefndir sitt skeið á enda og var í kjölfarið auglýst eftir fræðslu- og kynningarstyrkjum, þar sem landsnefndum og Félagi SÞ var gert kleift að sækja um til jafns við önnur frjáls félagasamtök, þ.m.t. þeim sem höfðu þegar fengið rammasamning við UTN í byrjun árs 2022 og nutu stuðnings undir þeim formerkjum. Auk þess var föstum stuðningi við Félag SÞ fram haldið.⁴⁰ Röksemdin var sú að félagið hefði minni möguleika til að afla sér tekna og því væri mikilvægt að tryggja tilvist félagsins með grundvallarframlagi af hálfu ráðuneytisins.

Áhugaverð vinna fór einnig fram í tengslum við skoðun á samstarfi UTN við frjálsu félagasamtökin og var gerð óháð [úttekt á stefnumiðum fyrir samstarf við frjálsu félagasamtök](#). Úttektinni lauk í febrúar 2021. Ein megin tillaga úttektarinnar var að

³⁹ Það var til loka árs 2021. Líkt og áður segir nam sá stuðningur sex m.kr. á því ári, eða tveggja m.kr. króna styrkur til hvers aðila fyrir sig.

⁴⁰ Sjá sundurgreiningu á stuðningi UTN við aðilana þrjá á myndum 5 og 6 hér að framan.

UTN skyldi gera rammasamninga við stærstu og öflugustu félögin og segir í íslenskri samantekt ráðuneytisins: „Í ljósi þess hve jákvætt og uppbyggilegt samband er til staðar milli ráðuneytisins og flestra samstarfsaðila þess úr röðum frjálsra félagasamtaka, þá þykir vera rými til að útvíkka samstarfið. Rammasamningar gætu verið nýttir í auknum mæli. Slík nálgun byggist á sameiginlegum markmiðum, gagnkvæmu trausti, heiðarleika og virkum samskiptum.“ Í kjölfar áreiðanleikakönnunar var fjórum stærstu frjálsu félagasamtökunum boðinn rammasamningur og tóku þeir gildi við upphaf árs 2022.

Rammasamningunum við fjögur stærstu frjálsu félagasamtökin var ætlað að veita aukinn fyrirsjáanleika og sveigjanleika auk þess að fjármagna verkefni til lengri tíma litið, en jafnframt minnka kostnað við umsýslu, bæði af hálfu UTN og félagasamtakanna. Nýjar styrkveitingar til fjögurra stærstu frjálsu félagasamtakanna fyrir kynningar- og fræðslustarf gekk því upp að marki gegn markmiðum rammasamninganna, enda hefði verið heppilegt að samtal hefði átt sér stað um nýtingu stuðnings undir hatti rammasamninga til slíks starfs, í stað þess að bjóða styrkveitingar. Við úthlutun styrkja er umtalsverð umsýsla af hálfu UTN, enda leggja óháðar matsnefndir mat á hverja og eina umsókn samkvæmt matsviðmiðum. Að sama skapi leggja umsóknaraðilar umtalsverða vinnu í gerð umsókna, sem óljóst er hvort hljóti brautargengi þegar upp er staðið sem eykur óvissu í rekstri og áætlanagerð.

Umsýsla ráðuneytisins jókst því töluvert með tveimur úthlutunum á ári úr sérstökum sjóði og fyrirsjáanleiki hvað varðar stuðning við starf landsnefnda minnkaði að sama skapi. Þá er einnig vert að hafa í huga að fjármunir sem áður voru ætlaðir til samstarfs, fræðslu- og kynningarstarfs vegna fjölþjóðlegrar samvinnu, og sér í lagi í tengslum við stofnanir SP, runnu nú úr potti sem var ætlaður fyrir starf frjálsra félagasamtaka sem starfa á vettvangi. Þannig má færa fyrir því rök að gagnsæi hafi minnkað og að eðlilegra sé að fjárútlát vegna samstarfs við landsnefndirnar og Félag SP komi af lið fjölþjóðlegrar samvinnu líkt og áður var og að umsýslan sé jafnframt á höndum sérfræðinga innan ráðuneytisins sem sinna samstarfi og samskiptum við stofnanir SP. Þannig megi betur tryggja samlegð með starfi og nýta samstarfstækifæri sem upp koma frá degi til dags.


Þær röksemdir sem lágu til grundvallar því að taka upp rammasamninga við frjáls félagasamtök í byrjun árs 2022 eru einnig gildar hvað varðar samstarf ráðuneytisins við landsnefndir UNICEF og UN Women og Félag SP. Annars vegar þarf að gæta þess hvernig slíkir samningar eru útfærðir og hins vegar að umsýsla slíkra samninga sé vönduð af hálfu beggja aðila.

3.4 Skilvirkni

Þegar skilvirkni er metin þarf að svara þeirri grundvallarspurningu hvort og að hvaða marki verkefni hafi náð sínum markmiðum. Meginmarkmið beggja landsnefnda og Félags SP eru mjög skýr en erfiðleikum er bundið að leggja mat á skilvirkni verkefnanna. Ef rammasamningar eru gerðir þarf að koma til virkt

Samráð a.m.k. tvisvar á ári og samstarfsaðilar þurfa að leggja fram árlegar áætlanir um sitt starf. Þar er gagnlegt að skilgreina sameiginlega hvaða markmiðum skal náð, s.s. til hversu margra kynningar náí, hver sé markhópurinn, markmið varðandi fjáraflanir o.s.frv. Þetta auðveldar mælingar á árangri og auðveldar eftirlit með því hvernig fjármunum er varið.

Utanríkisráðuneytið hefur látið framkvæma viðhorfskannanir meðal almennings síðustu árin um utanríkismál. Þar er m.a. spurt hversu vel eða illa almenningur þekkir til Sameinuðu þjóðanna og eru niðurstöður sýndar á mynd 10. Niðurstöður eru svipaðar á tímabilinu 2019 til 2022, en þó fækkar eilítið í þeim hópi sem þekkir mjög illa eða ekkert til SP. Þess má geta að einungis 1,4% landsmanna telja sig ekkert þekkja til SP árið 2022. Þetta bendir til þess að vitundarvakning og fræðsla um starf SP hafi skilað árangri og ef litið er til þess öfluga starfs sem aðilarnir þeir vinna er efalaust hægt að rekja þann árangur að hluta til þess. Þá er umfjöllun almennra fréttamiðla um málefni og starf SP óneitanlega mikilvæg í þessu samhengi og sýnir enn fremur fram á að hversu erfitt er að greina skýr orsakatengsl hvað fræðslu og kynningu varðar.



Mynd 10 Þekking íslensks almennings á SP.

3.5 Sjálfbærni

Erfitt getur verið að leggja mat á þætti sem varða sjálfbærni, en þar er horft til þess hvort samstarfið milli aðilanna hafi vægi af því það heldur lífi í landsnefndunum og Félagi SP og einnig hvort afraksturinn haldi vægi sínu til framtíðar?

Landsnefndirnar og Félag SP telja að stuðningur UTN hafi skipt máli fyrir grunnreksturinn, enda er rekstrarmódelið eins og rakið er í kafla 3.3. Þegar horft er til þess hvaða áhrif eru af starfinu til framtíðar má færa fyrir því rök að þeir fjármunir sem safnast og er veitt til viðkomandi alþjóðastofnana feli, a.m.k. upp að einhverju marki, í sér sjálfbærni til framtíðar. Jafnframt gefur aðkoma fjölmargra einstaklinga að starfinu þeim tækifæri til að öðlast innsýn í stofnanir

SP sem án efa skilar sér til framtíðar. Auk þess skilar það þekkingar- og fræðslustarf sem unnið er meðal almennings sér almennt í bættri innsýn í málefni og starf stofnana SP.

Viðauki I: viðmælendur

Birna Þórarinsdóttir: Framkvæmdastýra UNICEF á Íslandi

Chiara Pace: Head Individual, Digital and Public Giving, UN Women, New York

Donald Kossuth: Forstjóri Consol Giving Inc., sérstakur ráðgjafi UN Women, New York

Jaana Hirsikangas: Framkvæmdastýra UN Women Finnlandi

Stella Samúelsdóttir: Framkvæmdastýra UN Women á Íslandi

Vala Karen Viðarsdóttir: Framkvæmdastýra Félags Sameinuðu þjóðanna

Jafnframt var rætt við starfsfólk innan utanríkisráðuneytisins sem starfar eða hefur starfað að málaflokke.

Viðauki II: styrkauglýsing



Stjórnarráð Íslands
Utanríkisráðuneytið

AUGLÝSING

Umsóknir um styrki til kynningar- og fræðsluverkefna félagasamtaka í þróunarsamvinnu
Janúar 2022

Hafa þín félagasamtök áhuga á að leggja sitt af mörkum til að ná heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna? Undir hatti samstarfs utanríkisráðuneytisins við íslensk félagsamtök í þróunarsamvinnu auglýsir ráðuneytið eftir umsóknum um styrki til kynningar- og fræðsluverkefna tengdum alþjóðlegri þróunarsamvinnu og heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Um styrkveitingarnar

Hlutverk kynningar styrkjanna er að m.a. að vekja athygli á þróunarsamvinnu og hvetja almenning til að taka þátt í þróunarverkefnum. Ásamt því að hægt er að sækja um uppbyggingarstyrki til að efla getu félagasamtaka hvað varðar starf þeirra á sviði þróunarsamvinnu.

Styrkhæf félagasamtök

Eingöngu íslensk félagasamtök sem starfa í þróunarsamvinnu eru styrkhæf. Einnig þurfa félögin að uppfylla eftirtalin skilyrði skv. reglum um samstarf utanríkisráðuneytisins við félagasamtök og fyrirtæki í þróunarsamvinnu nr. 1035/2020:

- Vera skráð í fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra sem félagasamtök, skv. rekstrarformi eða starfs-greina-flokkun, eða vera skráð sem félag til almannaheilla með starfsemi yfir landamæri skv. lögum nr. 119/2019,
- ekki vera rekin í hagnaðarskyni (e. non-profit),
- hafa sett sér lög og skipað starfandi stjórn,
- félagsmenn, styrktaraðilar eða stuðningsaðilar séu minnst 30 talsins,
- hafa lagt fram staðfestan ársreikning

Skulu verkefnin koma til framkvæmdar á Íslandi og hafa alþjóðlega þróunarsamvinnu og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi.

Vakin er athygli á að umsækjendur þurfa að uppfylla kröfur Ríkisendurskoðunar um meðferð og vörslu fjármuna á sviði þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoðar.

Styrkfjárhæðir í boði

Til úthlutunar að þessu sinni eru allt að **30 milljónir króna**. Hámarksupphæð sem úthlutað er til einstakra verkefna er **5 milljónir króna**.

Atriði sem þurfa að koma fram í umsókn

Vísað er í reglur utanríkisráðuneytisins nr. 1035/2020 um styrkveitingar til félagasamtaka og fyrirtækja í þróunarsamvinnu.

Umsókn skal send til utanríkisráðuneytisins í gegnum þjónustugátt á island.is með rafrænu umsóknarferli. [Umsóknarferlinn má nálgast hér.](#)

Umsóknarkerfið krefst rafrænnar auðkenningar með íslykli eða rafrænum skilríkjum. Sótt er um í nafni tengiliðs samtaka.



Stjórnarráð Íslands
Utanríkisráðuneytið

Í umsókn skal meðal annars lýsa með greinargóðum hætti markmiðum verkefnis sem liggur til grundvallar umsókn, áætlun um framkvæmd þess, og tíma- og kostnaðaráætlun.

Umsækjendum er bent á að reglur um styrkveitingar til félagasamtaka, verklagsreglur og upplýsingar um fylgigögn umsóknar er að finna á www.utn.is/felagasamtok.

Úthlutun styrkja

Úthlutun styrkja fer eftir þeim skilmálum sem fram koma í reglum ráðuneytisins um styrkveitingar nr. 1035/2020, verklagsreglum og leiðbeiningum Ríkisendurskoðunar.

Einungis umsóknir sem uppfylla skilyrði auglýsingar og úthlutunarskilmála verða teknar til greina.

Matshópur, tímafrestur og áætlaður afgreiðslutími

Utanríkisráðherra úthlutar styrkjum að fengu álit matshóps.

Umsóknir til kynningar- og fræðsluverkefna þurfa að berast í gegnum umsóknarferli á island.is fyrir miðnætti **þriðjudaginn 15. febrúar 2022**.

Leiðbeiningar og upplýsingar varðandi umsóknir er að finna á www.utn.is/felagasamtok

Áætlað er að niðurstöður liggi fyrir í mars 2022.

Óskir um nánari upplýsingar og frekari fyrirspurnir skal senda á netfangið felagasamtok.styrkir@utn.is